

Þá greiði ákærði, Miroslov Peter Baly, 300.000.00 króna sekt í ríkissjóð og ákærða, Gabriele Uth-Baly, kr. 200.000.00.

Í stað sektar komi varðhald, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu, hjá ákærða, Miroslov Peter Baly, 5 mánaða varðhald og hjá ákærðu, Gabriele Uth-Baly, 3 mánaða.

Upptæk skulu vera til ríkissjóðs 8 fálkaegg, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði, Miroslov Peter Baly, greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 20.000.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 98/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurbirni Halldórssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar með stefnu 2. maí 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. ágúst sl.

Samkvæmt nýjum gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, ákvað dómsmálaráðuneytið hinn 27. apríl 1984, að ákærða skyldu veitt ökuréttindi að nýju samkvæmt umsókn hans. Mun hinn áfrýjaði dómur, sem upp var kveðinn 17. s.m., þá ekki hafa verið orðinn kunnur ráðuneytinu. Vegna dómsins hefur ákærði ekki fengið afhent ökuskírteini sitt að nýju.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi framið þau brot, sem honum eru gefin að sök. Með því að aka bifreið ölvaður hefur hann brotið gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þar sem ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi, hefur hann með akstri sínum einnig brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga. Í ákæru hefur láðst að tilgreina lagastað, er svari til þessa ákæruatriðis, en þar sem verknaðarlýsing í ákæru er ótvíræð, má með heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 dæma ákærða áfall fyrir nefnt brot, enda hefur málið verið flutt fyrir Hæstarétti með tilliti til þess.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sakaferli ákærða hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Þá ber skv. 81. gr. umferðarlaga að ákveða, að ákærði eigi að vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurbjörn Halldórsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 17. apríl 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, 17.04. 1984, hefur höfðað ríkissaksóknari með ákæruskjali, útgefnu 3. apríl 1984, á hendur Sigurbirni Halldórssyni sjómanni, Lönguhlíð 22, Bíldudal, fæddum að Hóli í Suðurfjarðarhreppi 22. apríl 1960, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 11. febrúar 1984 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni B-296 um götur á Bíldudal, uns hann missti bifreiðina út fyrir veg við Dalbraut 42 þar í þorpinu.

Í ákæru er þetta talið varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þá er þess krafist í ákæru, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar rétti til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þeir, að kl. 11.00 laugardaginn 11. febrúar 1984 var óskað aðstoðar lögreglunnar á Patreksfirði vegna bifreiðarinnar B-296, sem reyndist vera utan vegar við Dalbraut 42 á Bildudal, en eigandi bifreiðarinnar B-296 er ákærði í máli þessu. Lögreglan fór þegar á staðinn og handtók ákærða. Skýrði hann svo frá fyrir lögreglu, að hann hefði að kveldi 10. febrúar hafið neyslu áfengis og hafi hann síðar um kvöldið ekið bifreiðinni B-296. Ákærði kveðst hafa ekið um götur á Bildudal, en um nóttina út af veginum móts við Dalbraut 42. Ákærði viðurkenndi að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Er ákærði kom fyrir sakadóm, þá skýrði hann á sömu lund frá málsatvikum.

Tekið var blóðsýni úr ákærða í umrætt sinn, merkt V-Barð. nr. 5, sem sýndi 0.78‰ alkóhóls í blóði.

Ákærði, sem er sakhæfur og er fæddur 22. apríl 1960 að Hóli, Suður-fjarðarhreppi, hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér segir.

1979 20/11 í Barðastrandarsýslu: Sátt 100.000 kr. sekt fyrir brot g. 2. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 8. mán. frá 23/8 1979.

1980 8/10 í Barðastrandarsýslu: Dómur: 270.000.00 kr. sekt. f. brot g. 2. mgr., 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 22/8 1980.

1980 7/11 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 60.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl. og 231 gr. hgl.

1980 30/12 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 100.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl.

Með eigin viðurkenningu ákærða, og þar sem ekkert hefur komið fram, sem veikir hana, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæru.

Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 8/10 1980. Var ákærði því sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem lýst er í ákæru þótt 1. mgr. 27. gr. umfl. sé ekki talið meðal ákvæða í ákæru, sem ákærði hafi brotið gegn. Þykir þrátt fyrir það ekki óvarlegt að dæma ákærða fyrir brot gegn því ákvæði, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 16.000 króna sekt, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna.

Samkvæmt 81. gr. umfl. ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Fulltrúi sýslumanns, Tryggvi Bjarnason, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurbjörn Halldórsson, greiði 16.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna.

Ákærði skal vera sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 82/1984. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Fjölni Má Baldurssyni

(Svala Thorlacius hrl.)

Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 12. mars 1984. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Fyrir Hæstarétti er leitt í ljós, að ákærði fékk gefið út ökuskírteini 9. febrúar 1979, en það gildi eigi lengur en til 9. febrúar 1980. Hafði hann því ekki fullgild ökuréttindi, er hann framdi brot sitt.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi aðfararnótt sunnudagsins 7. mars 1982 tekið bifreið í heimildarleysi og ekið henni ölvaður um götur Ísafjarðar. Í ákæru hefur láðst